

186

29. nóv.

Kvittanir og aðrar yfirlýsingar, sem gefnar eru út í nafni sparisjóðsins af formanni hans eða féhirði, eru skuldbindandi fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

9. gr.

10. gr.

Upplýsingar um innstæður viðskiptamanna verða ekki gefnar óviðkomandi, nema skylt sé að lögum.

11. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru tæmandi ákvæði um í samþykktum þessum, fer sem fyrir er mælt í gildandi landslögum og reglugerðum um sparisjóði, eins og þau og þær verða á hverjum tíma. Skulu þau lög og reglugerðir jafnan liggja á skrifstofu sparisjóðsins til athugunar.

12. gr.

Fundargerðir um sparisjóðsmál, svo og ársreikning sparisjóðsins o. fl., skal jafnan innfæra í gerðabók sparisjóðsins.

Ársreikning sparisjóðsins ber að lesa upp á almennum hreppsfundi ár hvert.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. nóvember 1944.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

187

22. des.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski skal vera 2 kr. af hverjum 100 kg frá og með 1. jan. 1945 og til ársloka það ár. Frá þeim tíma gilda aftur óbreytt ákvæði reglugerðar nr. 73 13. maí 1942, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 30. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóv. 1913, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. desember 1944.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.